

Nd.

700. Nefndarálit

[208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta fjallar aðallega um skattlagningu fyrirtækja. Það er í meginatriðum eins og frv. um sama efni, sem lagt var fyrir síðasta þing að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, en þá náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur tekið miklum breytingum í meðförum fjárhagsnefndar og þá aðallega samkvæmt ábendingum frá samtökum atvinnuveganna.

Í ýtarlegu bréfi til fjárhagsnefndar frá 5 samtökum atvinnurekenda eru margar tillögur gerðar um breytingar á frumvarpinu, en þó er aðaltillaga þeirra sú, að samþykkt frumvarpsins verði frestað.

Með frumvarpinu er lagt til að breyta í ýmsum veigamiklum atriðum þeim reglum, sem gilt hafa, um skattlagningu fyrirtækja. Í aðalatriðum er að því stefnt að lækka skattgreiðslur verzlunarfyrirtækja og ýmiss konar þjónustufyrirtækja, um leið og ýtt er undir arðgreiðslur til hluthafa í fyrirtækjum, sem græða.

Þessar breytingar eru helztar frá núgildandi skattareglum:

1. Fyrningar eru hækkaðar á eignum fyrirtækja, þó ekki útgerðarfyrirtækja.
2. Heimiluð er sérstök flýtifyrning, sem gerir aðilum fært að fyrna eignir meir en sem nemur venjulegri árlegri fyrningu, þegar um gróða er að ræða.
3. Félög fá rétt til að leggja allan hagnað sinn í arðjöfnunarsjóð og sleppa þannig í nokkur ár við skattgreiðslur af hagnaði til sveitarfélaga.
4. Heimildir til arðgreiðslu úr fyrirtækjum eru rýmkaðar mikið frá því, sem nú er.
5. Arður af hlutabréfum verður skattfrjáls að vissu marki, eða sem nemur 60 þúsund krónum fyrir hjón.
6. Reglum um skattskyldu af söluhagnaði eigna er breytt nokkuð frá því, sem nú er.

Þegar það er haft í huga, að atvinnufyrirtæki hér á landi hafa lengst af greitt mjög lága skatta til ríkisins, í formi tekjuskatts og eignarskatts, er næsta einkenni-legt, að ríkisstjórnin skuli leggja jafnnikíð kapp á, að frumvarp þetta nái fram að ganga, og raun er á. Kapp ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er ekki síður ein-kennilegt fyrir það, að hún virðist engan hug hafa á að lagfæra þau ákvæði skatta-laga, sem snúa að skattlagningu einstaklinga. Skattar einstaklinga hafa þó farið ört hækkandi á síðustu árum, m. a. vegna þess, hvernig ríkisstjórnin hefur framkvæmt ýmis ákvæði skattalaga, eins og t. d. reglur um persónufrádrátt og þrep skattstigans.

Stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum síðasta áratuginn hefur sannarlega verið óhagstæð almennu launafólki. Skattabyrðin hefur í sívaxandi mæli verið að færast yfir á herðar láglauna- og millistéttarfolks. Þetta hefur verið gert á þann hátt, að söluskattur hefur verið stórhækkaður og söluskattur lagður jafnt á brýn-ustu nauðsynjar og á lúxusvörur. Þá hafa tollar aðeins verið lækkaðir á þeim vör-um, sem áður voru hæst tollaðar, en hækkaðir á beinan og óbeinan hátt á öðrum vörum. Nefskattarnir hafa hækkað jafnt og þétt. Og loks hefur svo tekjuskatturinn á almennum launatekjum verið hækkaður með því að leyfa ekki hækkun á per-sónufrádrætti í samræmi við hækkandi framfærslukostnað og með því að leyfa ekki breytingar á skattþrepum tekjuskattsstigans í hlutfalli við breytt verðlag.

Stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum hefur því leitt til þess, að sífelld stærri og stærri hluti af tekjum ríkisins er innheimtur hjá þeim, sem hafa lágar tekjur, eða aðeins meðallaunatekjur. Þeir, sem hæstar hafa tekjurnar, greiða nú hlutfalls-lega minna en áður, og þáttur atvinnufyrirtækja í skattgreiðslunni er miklu minni en áður var.

Nú er ætlun ríkisstjórnarinnar að lækka enn skatta á atvinnufyrirtækjum og á eigendum hlutabréfa. Og nú, eins og stundum áður, kemur skýrt í ljós, hvaða atvinnurekstur er í náðinni hjá ríkisstjórninni. Náð hennar nær ekki til sjávarút-vegs eða landbúnaðar. Það er ekki til þess ætlað að lækka skatta fyrirtækja, sem í þeim greinum starfa. Öðru máli gegnir hins vegar um verzlun, ýmis þjónustu-fyrirtæki og viss fyrirtæki í iðnaði.

Í greinargerð frumvarpsins segir, að sjávarútvegsfyrirtæki njóti hagstæðra reglna um afskriftir, og það er rétt. Síðan er sagt, að með frumvarpinu sé að því stefnt að gera allan atvinnurekstur jafnt settan gagnvart fyrningareglum. Þessar yfirlýsing-ar þýða í reynd, að þær miklu afskriftir, sem heimilaðar hafa verið í útgerðarrekstri, m. a. vegna mikillar áhættu í rekstri og vegna þess, að sjávarútvegurinn er undir-stöðuatvinnuvegur, — þær á nú að færa yfir á rekstur verzlunar- og viðskiptafyrir-tækja og ýmiss konar þjónustustofnana.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að meginstefna þessa frumvarps ríkisstjórnarinnar sé röng.

Við teljum, að ekki sé rétt að taka einn þátt skattamála út úr á þann hátt, sem gert er í frumvarpinu, þar sem nær eingöngu er fjallað um skattamál fyrir-tækja.

Það er skoðun okkar, að jafnhliða því, að skattlagning fyrirtækja er tekin fyrir, þurfi að breyta skattareglum um skattgreiðslur einstaklinga og að óhjákvæmilegt sé að taka til meðferðar lögin um tekjustofna sveitarfélaga um leið og lögin um tekju- og eignarskatt.

Við teljum, að með frumvarpi ríkisstjórnarinnar sé verulega gengið á hlut sveitarfélaganna og að hætta sé á, að það leiði til þess, að útsvör á almennum launa-tekjum verði hækkuð af þeim ástæðum.

Við teljum, að það ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir, að hlutabréfaeigendur skuli njóta skattfrelsis að vissu marki, eða að tekinn skuli upp nokkurs konar persónu-frádráttur fyrir hlutabréf, sé svo fráleitt, að full ástæða sé að fella frumvarpið aðeins vegna þess ákvæðis.

Það er aðaltillaga okkar Alþýðubandalagsmanna, að frv. verði vísað frá.

Til vara flyt ég nokkrar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali. Breytingarnar miða að eftirfarandi atriðum:

1. Að hækka persónufrádrátt verulega, einkum fyrir börn.
2. Að veita hjónum, sem telja fram hvort í sínu lagi, rétt til að njóta fulls persónufrádráttar einstaklings hvoru um sig.
3. Að hækka sérstaklega persónufrádrátt með börnum einstæðra foreldra.
4. Að undanþiggja skattgreiðslu allar bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur.
5. Að herða á skattaeftirliti, m. a. með því, að sérstök ýtarleg rannsókn fari fram á framtölum, sem dregin séu út af Hagstofu Íslands.
6. Að heimilt verði að lækka skatt þeirra, sem hætta störfum eða náð hafa 70 ára aldri og tekjur minnka verulega hjá.
7. Að skattvísitalan fylgi jafnan breytingum á framfærsluvisitölu.

Þá höfum við Alþýðubandalagsmenn lagt fram breytingartillögur við frumv. um almannatryggingar, sem liggur fyrir þinginu, þar sem lagt er til, að 16 og 17 ára unglingar þurfi ekki að greiða lífeyrissjóðsgjald og ekki heldur sjúkrasamlagsgjald.

Allar þessar tillögur okkar miða að því að leiðrétta skattamál einstaklinga og sérstaklega hinna tekjulægri.

Nái tillögur okkar fram að ganga, væri um verulega bót á skattamálum láglaunafólks að ræða.

Alþingi, 27. marz 1971.

Lúðvík Jósefsson.